



UNGMENNASAMBAND BORGARFJARÐAR STOFNAÐ 26 APRÍL 1912

Fundur haldinn að Digranesgötu 2 þann 11. desember 2023

Mætt eru: Guðrún Hildur Þórðardóttir, Ólafur Daði Birgisson, Sölvi G Gylfason og Bjarney L Bjarnadóttir

Dagskrá fundar:

1. Sambandsstjóri setur fundinn kl.17:30
2. Stjórn ræðir endurskoðun á starfssamningi við framkvæmdastjóra – þessum lið frestað til næsta fundar
3. Verkefni framkvæmdastjóra – búið var að senda verkefnin á stjórn til upplýsingar fyrir fundinn.
Góður og upplýsandi póstur og ekkert sérstakt sem var rætt nema í sambandi við þá viðburði sem eru framundan.
4. Farið yfir þær tilnefningar sem bárust fyrir íþróttamanneskju ársins og hvatningarverðlaun UMSB
18 tilnefningar bárust til íþróttamanneskju ársins og þrjár til Hvatningaverðlauna UMSB (sjá allar tilnefningar neðst í skjalinu)
Rætt um hvort leita ætti eftir tilnefningum hjá almenningi líka, svipað og með Íþróttaeldhuga ÍSÍ. Þarf þá að breyta reglugerð.
Verður rætt og tekin ákvörðun um síðar.
5. Farið yfir þær ferðastyrksúmsóknir sem hafa borist (var með úmsóknarfrest til 10. des í ár, en breytum því í 1. des á næsta ári)
Ein úmsókn barst og var samþykkt.
Jón Árni Gylfason hlaut styrk að upphæð 50.000.-
6. Farið yfir stöðuna á kjöri íþróttamanneskju ársins.
Búið að panta Hjálmaklett
Aldan sér um verðlaun
Fjárhæð fyrir kkd (sjá fjárhagsáætlun)

Nýr bikar – ákveðið að kaupa bikar fyrir íþróttamanneskjuna og glerstytur frá KLM fyrir 1. -5 .sæti og Hvatningarverðlaunin.

Verðlaun fyrir Hvatningarverðlaunin. – Ákveðið að kaupa aftur gjafabréf fyrir tvo í sjóböðin í Hvammsvík.

Kjörseðlar verða sendir út á næstu dögum, stjórnir aðildarfélaganna fara með eitt atkvæði hver og hver fulltrúi í stjórn UMSB eitt atkvæði hver.

Valnefnd hittist þann 18. desember nk. og fer yfir þær umsóknir sem bárust.

Íris Grönfeldt var tilnefnd af Sambandsþingi UMSB

Guðný Elíasdóttir var tilnefnd af Borgarbyggð

Kristín Jónsdóttir var tilnefnd af Skorraldalshreppi

Sigurbjörg Anna Þorleifsdóttir var tilnefnd af Hvalfjarðarsveit

Sigurður Örn Sigurðsson var tilnefndur af stjórn UMSB

Rætt var um og samþykkt að fá ljósmyndara til að mynda stærstu viðburðina, kjör íþróttamanneskju ársins og sambandsþingið, framkvæmdastjóri er að bíða eftir að fá tilboð frá ljósmyndara.

7. Unglingalandsmót – farið yfir stöðu mála

Farið yfir samning frá UMFÍ, engar athugasemdir gerðar við hann.

Staðan er þokkalega góð, nánast búið að manna framkvæmdastjórn en vantar gjaldkera og fjóra keppnisstjóra. Einnig nokkrar sérgreinastjórstöður sem á eftir að manna

8. Önnur mál

Boða aðalstjórn Skallagríms á fyrsta fund eftir áramót.

Samþykkt og jafnframt ákveðið að boða stjórnir allra aðildarfélaganna á fund á einhverjum tímapunkti, helst fyrir sambandsþing.

Framkvæmdastjóri sagði stuttlega frá niðurstöðum Æskulýðsrannsóknarinnar, ljóst að það er stór hópur ungmenna í Borgarbyggð sem er ekki í neinum tómsundum, það þarf að finna leiðir til að ná til þessa hóps.

Óskað var eftir í tilnefningum í ungmennaráð UMFÍ.

Erni Daði Arnberg Sigurðsson í ungmennaráð UMFÍ fyrir hönd UMSB

Næsti fundur ákveðinn þann 8. janúar 2024

Fundi slitið kl.19:38